



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 4. febrúar 2013

### **Niðurstaða athugunar á tilteknum upplýsingum í eiginfjárskýrslu Íslandsbanka hf.**

Fjármálaeftirlitið vísar til fyrri gagnsæistilkynningar sem birt var hinn 4. nóvember 2011 þar sem gerð var grein fyrir atriðum sem Fjármálaeftirlitið taldi að þörfuðust úrbóta eftir athugun á tilteknum upplýsingum í eiginfjárskýrslu Íslandsbanka hf.

Í gagnsæistilkynningunni kom fram að í júní 2011 hafi Fjármálaeftirlitið lokið athugun sinni með skýrslu eftir að Íslandsbanka hf. hafði verið gefinn kostur á að koma á framfæri andmælum sínum. Fjármálaeftirlitið fór fram á úrbætur í samræmi við athugasemdir sem gerðar voru í skýrslunni og beindi tilmælum til Íslandsbanka hf. um að yfirfara verkferla við útfyllingu eiginfjárskýrslna og endurskoða lána- og tryggingakerfi bankans. Að auki var stjórn bankans gert að fela innri endurskoðanda að yfirfara úrbætur og skila Fjármálaeftirlitinu greinargerð þar að lútandi. Þá kom fram að Fjármálaeftirlitið myndi birta gagnsæistilkynningu á ný þegar skýrsla innri endurskoðanda Íslandsbanka hf. um úrbætur lægi fyrir.

Skýrsla innri endurskoðanda barst Fjármálaeftirlitinu þann 15. desember 2011. Þar voru tilgreindar þær úrbætur sem bankinn hafði framkvæmt og þær úrbætur sem enn var unnið að. Í bréfi Íslandsbanka hf., dags. 10. október 2012, kom fram að bankinn hefði lokið þeim úrbótum sem eftir stóðu og að öllum úrbótum væri lokið. Fjármálaeftirlitið telur að bankinn hafi brugðist við þeim athugasemdum og ábendingum sem gerðar voru.